

Reglur um afgreiðslu umsókna um skammtí mavistun fyrir fatlað fólk

Markmið og markhópur

1. gr.

Skammtí mavistun er veitt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með síðari breytingum. Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðs fólks, veita þeim tilbreytingu eða til undirbúnings flutnings úr foreldrahúsum.

2. gr.

Félagsþjónusta Fljótaldalshéraðs útvegar þjónustuna á grundvelli samnings um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands vegna málefna fatlaðs fólks og samnings Fljótaldalshéraðs og Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótaldalshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps um félags- og barnaverndarþjónusut og um sameiginlega félagsmála- og barnaverndarnefnd. Allir íbúar á þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Skipulag þjónustu

3. gr.

Skammtí mavistun er veitt á vegum Fljölkskyldusviðs Fjarðabyggðar og er staðsett á Bakkabakka í Neskaupstað. Um þjónustuna gilda reglur Fjarðabyggðar.

Afgreiðsla umsókna

4. gr.

Umsóknir um skammtí mavistun fyrir fatlað fólk berist Félagsþjónustu Fljótaldalshéraðs á eyðublöðum sem þar fást. Matshópur skipaður af verkefnastjórum og félagsmálastjóra metur umsóknir um skammtí mavistun. Ef viðkomandi er metin í þörf fyrir skammtí mavistun þá er beiðnin send til Fjölkskyldusviðs Fjarðabyggðar sem ákvarðar um þjónustuna.

Áfrýjun

5. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun félagsþjónustunnar til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

6. gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til umfjöllunar hjá Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Gildistími
7.gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með maí 2017

Samþykkt í félagsmálanefnd 10. janúar 2011

Samþykkt í félagsmálanefnd 10.maí 2017